

Pési



Lesið þetta

- Nýtt ár-ný tækifæri
- Auglýsingar
- Fréttir
- Kvenfélagið
- Námskeið

Næsti Pési kemur út
12.febr Skil á efni er
8. febr

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
Hreppakap- par	10
Reiðhöllin	11
Kvenfélagið	24
Leikskólinn	26

Jan 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 234. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Kappkostum að hafa lifandi heimasíðu

Í nútímanum þykir sjálfsagt að halda úti heimasíðum í fyrir-tækjum, sveitarfélögum og margs konar stofnunum. Heilmikið mál er að halda úti heimasíðu. Til þess að heimasíðan sé lifan-verða íbúar hreppsins að hjálpa okkur við að afla efnis og sen- okkur. Þetta er einnig upplagður vettvangur fyrir fyrirtæki að koma inn upplýsingum um það sem framundan er t.d. í skemmtanahaldi og öðrum uppákomum. Hreppsþúar og at- vinnurekendur eru hvattir til þess að gefa okkur ábendingar um efni og upplýsingar sem þeim þykir eðlilegt að sé inná heima- síðunni. Á sama hátt er einnig vel þegið að fá ábendingar um efni sem ástæða þykir að birta í Pésanum.



Myndir frá heimsókn í Heimaland og "jólaveinaheimsókn" Ljósm: Undraland

Nýtt ár og ný tækifæri

Undirritaður var í finni jólaveislu á dögnum sem vart er til frásögu færandi nema af því að einn veislugesta, fræg listakona, var í sérstaklega fallegum kjól sem merktur var Kurli. En eins og flestir vonandi vita, er það fyrirtæki sem starfrækt er hér í Hvammi við Flúðir. Eigandi fyrirtækisins er klæðskerameistarinn Erna Óðinsdóttir og hjá henni vinnur Alina Elena Balusanu, sem er rúmensk og lærð saumakona og býr í Haukholtum. Erna vinnur með fatahönnuðum að útfærslu þeirra fallegu fata sem hún saumar. Erna vinnur m.a. mikið með ull og náttúruleg efni. Samspilið við ullina, og bústýruna í Haukholtum er skemmtileg tilviljun því mikil og góð sauðfjárrækt er í Haukholtum svo ekki sé nú talað um saumakonuna góðu. Sauðkindin og ullin hafa haldið lífinu í Íslendingum í gegnum aldirnar. Ullin er reyndar einstakt hráefni sem er í rauninni sígilt nytsamlegt og fallett. Út frá tískustraumum og markaðslögmálum er nauðsynlegt að gera úr ullinni sem fjölbreytilegustu vöru. Frændur okkar Færeyingar hafa einnig náð langt í að hanna tískuvöru úr ullinni sem og margar Norðurlandþjóðir. Umræðan um ullina minnir mig á skemmtilegan fund sem við Guðni Ágústsson sem þá var landbúnaðarráðherra og undirritaður þingmaður, áttum með bændum í Örafum. Þar var farið vítt og breytt um víðan völl. Örafingar kurteisir eins og Skaftfellingar eru þekktir fyrir. Einn stóð þó upp og kvartaði við landbúnaðarráðherra yfir lágu ullarverði og bar sig illa þess vegna. Ráðherrann var ekki seinn til svars stóð upp í miklum myndarleik, horfði yfir salinn og spurði með sinni djúpu röddu: „Hver er þjóðbúningur íslenska bóndans í dag“? Það var fátt um svör. Eftir nokkra þögn sagði ráðherrann: „Það er flíspeysan sem búin er til úr gleri og plasti“. Karlarnir horfðu hver á annan og auðvitað kom í ljós að flestir þeirra klæddust flíspeysu. Ekki var meira rætt um ullarverðið á þessum fundi. Það er einkar ánægjulegt þegar ungt fólk eins og Erna stígur fram, nýtir þá möguleika sem svo sannarlega má finna og framkvæmir góðar hugmyndir. Því einhversstaðar stendur „eitt er að fá hugmynd og annað að framkvæma hana“. Hugmyndir Ernu, nýting hráefnis og glæsileg vara sem hún útbýr, á sinn smekkvísa hátt, er táknræn fyrir hvað hægt er að gera með viljastyrk, hugkvæmni og handlægni. Þetta er hvatning fyrir okkur öll. Á sama hátt getum við verið stolt af nýju fyrirtæki Unnsteins og Valdísar í Langholtskoti þar sem um kjötvinnslu er að ræða þar sem bóndinn framleiðir kjötið og vinnur það og er þetta samkvæmt hugmyndafræðinni „Beint frá býli“ undir vörumerkinu Kjöt frá Koti. Grímur og Sigrún í Auðsholti II eru einnig þátttakendur í “Beint frá býli og hjá þeim er hægt að fá lambakjöt og gulrætur. Það er ósk undirritaðs að þessi fyrirtæki megi lifa og dafna eins ólík og þau eru en engu að síður skemmtileg tenging við atvinnulíf og hefðir í sveitinni okkar. Vonandi gengur annar atvinnurekstur einnig vel hér í hreppnum á nýju ári. Því hvað er lífið án góðrar heilsu, góðra vina, skemmtilegra hugmynda og atvinnu? Hreppsnefnd Hrunamanna-hrepps og starfsmenn hreppsins óska lesendum Pésans, íbúum hreppsins sem og öðrum landsmönnum gleðilegs nýs árs.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Hugmyndir um stækkun Grundar

Það er hugur í ferðapjónustuaðilum í hreppnum. Sæmdarhjónin á Grund, þau Dagný og Kristinn eru að velta fyrir sér stækkun á Gistiheimilinu Grund. Samþykkt hefur verið að auglýsa skipulagsbreytingar á lóðinni við Grund en það ferli er í höndum skipulagsfulltrúans okkar Péturs Inga Haraldssonar. Þessi auglýsing verður birt innan skamms.

Þrettándabrenna Björgunarfélagsins Eyvindar

Mjög vel tókst til með þrettándabrennu Björgunarfélagsins Eyvindar. En Tómas Þórir lagði að vanda grunninn að þessum myndarlega bálkesti. Flugeldasýningin tókst sem aldrei fyrr enda veðrið einstaklega gott. Mikið er rætt um hvort brennan eigi að vera á þrettándanum eða á gamlárstag. Hvað sem líður skoðunum fólks hvað brennumál varðar tókst þrettándabrennan einstaklega vel. Uppi eru raddir um að hafa bæði myndarlegar brennur á gamlárskvöld og á þrettándanum – sem þýðir væntanlega að allir verða ánægðir.

Aðalfundur Reiðhallarinnar á Flúðum

Fyrsti aðalfundur Reiðhallarinnar á Flúðum var haldinn í desember. Ljóst er að framkvæmdin og uppbygging reiðhallarinnar hefur tekist með mikilli þrýði og eiga allir sem að þessu hafa komið þakkir skyldar. Búið er að koma höllinni upp nær skuldlaust og skiptir þarna eins og svo oft áður samvinna sveitarfélaga og annarra félagasamtaka miklu máli. Í stjórn Reiðhallarinnar eru: Guðni Árnason, Helgi Kjartansson, Svanhildur Hrönn Pétursdóttir, Þórarinn Ingi Úlfarsson og Knútur Ármann.

Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps samþykkt.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkti Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2010 á síðasta fundi sínum fyrir áramót 17. desember s.l. Í fjárhagsáætluninni er ekki gert ráð fyrir miklum framkvæmdum á næsta ári. Ástæðan er einfaldlega sú að við lifum mikla óvissutíma og þurfum að leggja okkur fram við að halda skútunni á siglingu og það hefur enn tekist nokkuð vel þrátt fyrir mikla óvissutíma í efnahagsmálum. Það eigum við m.a. starfsmönnum okkar að þakka sem lagt hafa sig fram við rekstur stofnana einnig hefur fræðslunefnd Hrunamannahrepps staðið sig með miklum ágætum. Við verðum að vera raunsæ, en bölsýni bætir ekkert. Staða sveitarfélagsins hefur verið nokkuð góð til þessa. Vonandi verður það áfram. Fjárhagsáætlunin er inná heimasíðu hreppsins fludir.is .

Hitaveita að Hrafnkelsstöðum

Rétt fyrir jólin var lögð ný hitaveitulögn að býlunum á Hrafnkelsstöðum en þar eru þrjú lögbylí og fimm íbúðarhús. Þannig að enn stækkar umfang Hitaveitu Flúða en fyrr á síðasta ári tengdist svokölluð Átaksveita Hitaveitu Flúða og tilheyrir Átaksveitan nú sögunni til. Í Hrunamannahreppi eru enn margar einkaveitur frá fornu fari en margir telja að í framtíðinni fækki þeim og þær tengist Hitaveitu Flúða sem er almenningsveita í Hrunamannahreppi. Heita vatnið okkar er ómetanleg auðlind og framtíðarmöguleikar sem tengjast því eru í rauninni ótrúlega miklir og vonandi verður hitaveitan sem allra lengst í eigu sveitarfélagsins.

Gæðastýring og landnýtingar og landgræðsluáætlun

Þeir félagar Þorsteinn Loftsson formaður landbúnaðarnefndar og Steinar Halldórsson fjallkóngur og landbúnaðarnefndarmaður hafa í samvinnu við Landgræðsluna unnið að endurnýjaðri landgræðslu- og landnýtingaráætlun sem þeir sauðfjárbændur sem taka þátt í gæðastýringu þurfa að samþykkja og skrifa undir. Þetta er nauðsynlegt til þess að sauðfjárbændur fái greitt samkvæmt samningi um gæðastýringu og hefur verið gert með svipuðum hætti víða um land. Sigurður H. Magnússon hefur haft veg og vanda af endurnýjun áætlunarinnar en ákveðinn kafli er unnin af Þorsteini sem lítur að beitarstjórnun. Starf Sigurðar H. Magnússonar er ómetanlegt því hann vinnur þetta af einskærum áhuga og tryggð við gamla hreppinn sinn. Á næstunni verður væntanlega fundur á vegum Landbúnaðarnefndar þar sem fjallað verður um þessi mál ásamt öðrum málum sem tengjast afrétti og fleiri þáttum sem varða sauðfjárrækt í hreppnum. Brýnt er að ljúka gæðastýringarmálunum sem allra fyrst.

Fræknar körfuknattleiksstúlkur

Þeim er ekki fisjað saman ungu stúlkunum í 10 flokki UMFH en þær munu, um helgina, leggja land undir fót og keppa í undanúrslitaleik í Bikarkeppni KÍKÍ á Patreksfirði. Þetta er dæmigert samvinnuverkefni unga fólksins í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þjálfari stúlkanna er Sigurður Sigurjónsson en formaður körfuknattleiksdeildar og mikill drifkraftur í fjáröflunar- og félagsstarfinu er Þykkbæingurinn og Hreppamaðurinn Kolbrún Kristín, oftast kölluð Stína kokkur. Árni Þór Hilmarsson er einnig mjög virkur í körfuknattleiksstarfinu og reyndar margir fleiri. Alls eru um 100 ungmenni sem stunda æfingar í körfuknattleik í hreppnum það er dágóður slatti í 800 manna hrepp. Vert er að þakka öllu því góða fólki sem leggur mikið á sig í ungmennastarfi í hreppnum það starf skilar sér bæði nú og einnig þegar til framtíðar er litið. „Áfram stelpur í UMFH“.

Sorp og sorpflokkun

Um þessar mundir er eðlilega mikið rætt um sorphirðu og sorpförgun. Haldinn hefur verið fræðslufundur fyrir hreppsnefnd og umhverfisnefnd þar sem kynnt voru flokkunarkerfi í sorphirðu, annars vegar svokallað blátunnuverkefni og hins vegar þriggja tunnu sorphirða. Einn góður samborgari hefur bent á einfalda leið þ.e. Á bújörðum yrði hugsanlega boruð hola með staurabor þar sem lífrænn úrgangur yrði settur til þess að draga úr sorpmagni sem flutt er frá býlunum. Þetta er um margt ágætis hugmynd en lengi hefur sorp verið flokkað í dreifbýlinu þar sem hænurnar hafa fengið sitt, hundarnir sitt o.s.frv. Á skrifstofu hreppsins liggur frammi ókeypis bæklingur um jarðgerð frá Umhverfisstofnun. Víst er að nauðsynlegt er að við finnum lausnir sem draga úr urðun sorps fyrir vorið.

Bakkatúnsvegur enn til umræðu og umfjöllunar

Í vikunni barst Hreppsnefnd Hrunamannahrepps undirskriftarlisti flestra þeirra ábúenda, eigenda íbúðarhúsa, sumarhúsa og annarra mannvirkja sem og atvinnureksturs í Grafarbakkahefðis þar sem þeir fordæma þau vinnubrögð og þær tafir sem hafa orðið við lagningu Bakkatúnsvegar. Eins og áður hefur komið fram er málið fast hjá svokallaðri Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Víst er að hreppsnefnd hefur gert sitt til að þoka þessu yfir tuttugu ára máli áfram. En með ólíkindum er hve langan tíma hefur tekið að ljúka þessu máli. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úrskurðaði 19. febrúar árið 2004 þar sem hafnað var kröfu kæranda um ógildingu hreppsnefndar Hrunamannahrepps frá 24. ágúst 2000 á samþykkt deiliskipulags fyrir íbúðabyggð á Bakkatúni við Flúðir. Á þessu stigi er ekki vitað hvað Úrskurðarnefndin þarf langan tíma til viðbótar en víst er að þessi snigill er enn hægerðugri en hinn frægi snigill sem lengi hefur sniglast í Landbúnaðarráðuneytinu, er þessi snigill e.t.v. dauður? Okkur hefur þó ekki borist dánartilkynningin enn sem komið er eða hvar málið er strand hjá nefndinni þrátt fyrir margar fyrirspurnir.

Þriggja ára áætlun lögð fram

Á síðasta fundi hreppsnefndar 6. janúar s.l. var lögð fram þriggja ára Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2011-2013 til fyrri umræðu. Flest stærri mál sveitarfélaga sem tengjast fjármálum eða reglugerðum þurfa tvær umræður til þess að öðlast gildi. Seinni umræða þriggja ára áætlunarinnar fer síðan væntanlega fram 3. febrúar n.k. Þriggja ára áætlunin mun einnig verða sett inná heimasíðu okkar þegar þar að kemur.

Enn er fundað með Vegagerðinni

Þeir félagar, oddviti, veitustjóri og sveitarstjóri funduðu í síðustu viku með fulltrúum Vegagerðarinnar. Verið er að vinna að tillögum um innkomu á Flúðir þegar nýr vegur vegna nýrrar Hvítárbrúar verður tekin í notkun. Enn liggur ekki fyrir hvernig innkoman verður nákvæmlega. Einnig var enn einu sinni farið yfir málefni gangandi vegfarenda m.a. vegna óska um undirgöng gangandi vegfarenda úr Hofatúninu. Öll þessi mál þokast áfram en lengi hefur hreppsnefnd ýtt á göng fyrir gangandi vegfarendur úr Hofatúninu.

Fundað vegna málefna fatlaðra

Mikið er fundað þessi misserin um tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Nú stendur til að færa málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna en áður var þessi málaflokkur hjá ríkinu. Tilfærslan á að eiga sér stað á næsta ári. Um tilfærslu þessara verkefna hefur verið rætt í u.þ.b. 18 ár en líklega hefur aldrei verið jafn mikil alvara í málinu og einmitt núna. Í síðustu viku funduðu sveitarstjórnarmenn um málið að frumkvæði SASS en í þessari viku var fundað um málið vegna samvinnu sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu og Flóa. Talað er um að félagsþjónustusvæðin verði að telja a.m.k. 8000 íbúa, þannig að ljóst er að einhver uppstokkun verður væntanlega á félagsþjónustunni hjá okkur vegna þessa. Enn eru þó þessi mál á umræðustigi og ekkert verið formlega ákveðið.

Sveitarstjóri í nefnd vegna breytinga á sveitarstjórnarlögum

Sveitarstjórnar- og samgönguráðherra, Kristján L. Möller, hefur skipað nefnd vegna tillagna um endurskoðun á sveitarstjórnarlögum. Sveitarstjóri Hrunamannahrepps er einn þeirra fimm sem skipaður hefur verið í þessa nefnd. Fyrsti fundur nefndarinnar var í þessari viku. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum fyrir mitt þetta ár. Trausti Fannar Valsson er starfsmaður nefndarinnar.

Viðvera oddvita á Skrifstofu Hrunamannahrepps er
á mánudögum frá kl:10:00-12:00

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu
Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 8 febrúar)

Mikið framundan hjá Karalakórnum

Nú hefur Karalakórinn hafið æfingar eftir jólahlé og ekki seinna vænna því mikið liggur fyrir og má það sjá á alvörusvip formanns kórsins, Aðalsteins Þorgeirssonar sem lagt hefur fram metnaðarfulla dagskrá f.h.kórsins. Fyrst ber að nefna tónleika sem haldnir verða í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn 20. febrúar. En þann dag býður karlakórinn til sín tveimur kórum en það eru: Karalakór eldri Fóstbræðra og Freyjukórinn úr Borgarfirði. Vortónleikar kórsins verða tvennir að þessu sinni, sá fyrri í Selfosskirkju 13. apríl n.k og sá seinni í Félagsheimili Hrunamanna 17. apríl. Einsöngvari með kórnum verður stórténórinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson. Karlarnir verða vel undirbúnir undir boð sem þeir hafa þegið með þökkum, en Karalakórinn Heimir hefur boðið Karalakór Hreppamanna að syngja með þeim á Sæluviku Skagfirðinga á verkalyðsdaginn 1. maí n.k. Allt þetta er góður undirbúningur undir svokallað Kötlumót en það verður haldið á Flúðum 16. október n.k. Hingað koma væntanlega a.m.k. 14 karlakórar sem halda hér sam-eiginlega söngskemmtun á vegum sambands sunnlenskra karlakóra.

Jóga námskeið

10 vikna jóganámskeið hefst fimmtudaginn 21. janúar á efri hæð Íþróttahússins(gamla leikskólanum) Ætla að bjóða upp á byrjendanámskeið ef næg þátttaka fæst. Kennit verður á fimmtudögum kl: 17:30, byrjendur kl: 19:00
Skráning og nánari upplýsingar hjá Aðalheiði í síma 898 0677

Til sölu.

Lazy boy leðursófasett til sölu. Þetta er þriggja sæta sófi og tveir stólar Verð 100.000 kr

Nánari upplýsingar hjá Pálmari í síma 892 2370

Sparidagar Hótel Örk

Bjóðast Félagi eldri Hrunamanna dagana 7-12 febrúar n.k.

Verð í tveggja manna herbergi kr.35.000 kr.

Morgunverður af hlaðborði og þriggja rétta kvöldverður alla dagana. Dagskrá alla dagana frá morgni til kvölds í umsjá Gunnars Þorlákssonar. Félagsaðild er ekki skilyrði fyrir þátttöku í dvölinni. Pantanir þurfa að berast fyrir 25. jan til Eiríks í Túnsbergi í síma 486 6545 eða 861 0272

Flugeldasýning 2010

Eins og flestir vita var haldin glæsileg flugeldasýning á þrettándanum, sem var í boði fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Viljum við þakka þessum aðilum fyrir glæsilegt framlag til samfélagsins.

Flugeldasýning 2010 var í boði eftirtalinna:

Arion banki, Arnfríður Dalbæ, BM Vallá; Bryðjuholt, Búnaðarfélagið, Bökun ehf, Eiríkur Kristófersson, Emil Rafn Kristófersson, Flúðafiskur, Flúðaleið, Garðyrkjustöðin Reykjaflöt, Gistiheimilið Syðra Langholti, Gróður ehf, Gröfutækni ehf, Hitaveita Flúða, Hnúkur slf, Hrunamanna-hreppur, Hús og stigar ehf, Íslenskt grænmeti ehf, Kristín og Þorbjörn, Landstólpi ehf, Pizzavagninn, Plast og suða, Ragnar Birtingaholti, Skálpi ehf, Skipholt 3, Unnsteinn Hermannsson, Veitandi, Vinnuvélar Úlfars Harðarsonar, Þóra Bjarnadóttir.

Einnig viljum við þakka **Gistiheimilinu Grund** kærlega fyrir góðan stuðning.

Með von um gott og slysalaust ár

Björgunarfélagið Eyvindur og Unglingadeildin Skúli

ATHUGIÐ!!!

Í tilefni 10 ára afmælis Björgunarfélags Eyvindar í janúar næstkomandi langar okkur að safna saman myndum, sögum og öllu því sem viðkemur björgunarsveitunum þremur. Ef þið lumið á einhverju endilega hafið samband við okkur.

bfeyvindur@simnet.is

Óskar Rafn sími 8624944

Borgþór sími 8953760

Steingrímur sími 8622710

VIKUR.

Get útvegað vikur fyrir garðyrkjubændur í stórsekkjum og fiskikörum, frá Jarðefnaiðnaði Þorlákshöfn.

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari Flúðaleið ehf s: 892 2370




Milli jóla og nýárs fengum við Hreppakapparnir lánaða nýju og glæsilegu reiðhöllina á Flúðum í það sem er kallað enduro-cross. Enduro-cross er grein sem er tiltölulega nýbyrjuð að ryðja sér til rúms í heiminum. V.Í.K. (Vélhjólaíþróttaklúbburinn)hélt einmitt fyrstu keppnina af þessu tagi hérlendis 5. desember síðastliðinn í reiðhöllinni í Víðidal. Þessi grein byggist upp á stuttri braut innanhúss, með hindrunum sem þarf að komast yfir. Leikni og nákvæmni spila mikið inn í og reynir þar mikið á ökumanninn. Við höldum ekki mót en tókum nokkra daga í æfingar. Bygðist brautin upp á stórum rafmagnsstaurum, brettum, dekkjum og einum bíl sem keyra þurfti yfir. Hér í sveit er að finna unga og efnilega ökumenn sem við verðum að virkja og sjá til að fái fullt tækifæri til að stunda sína grein. Nokkrir þeirra stefna jafnvel á að keppa í Íslandsmótum komandi sumars. Á myndinni má sjá Andra Þórarinsson frá Reykjadal og fékkst myndin að láni frá Birgi Erni Steinarssyni frá Auðsholti.

Fyrir hönd Hreppakappanna vill ég þakka aðstandendum reiðhóllarinnar kærlega fyrir tækifærið og lánið á reiðhöllinni. Þetta hjálpaði okkur mikið við að stunda okkar áhugamál og renndi stoðum undir framfarir hjá okkur í íþróttinni. Einnig vil ég þakka Gröfútækni fyrir afnot af tækjum, staurum og öðru sem þeir lögðu til. Sömuleiðis fær Berghylsbúið þakkir fyrir lán á tækjum.

f.h. Hreppakappanna

Sigurjón Snær Jónsson



Reiðhöllin á Flúðum og hestamannafélögin Logi og Smári auglýsa.

Uppsveitadeildina.



Uppsveitadeild Smára og Loga er 4 móta mótaröð sem saman stendur bæði af einstaklingskeppni og liða-keppni.

Dagskrá móta.

Föstudaginn 29. janúar Smali.

Föstudaginn 26 febrúar fjörgangur.

Föstudaginn 26. mars fimmgangur.

Föstudaginn 23. apríl tölt og fljúgandi skeið.

Smali (hraðafimi)

Smalinn dregur nafn sitt af einu mikilvægasta hlutverki íslenska hestsins frá örófi alda. Eiginleikar sem prýða góðan smala og smalahest eru nauðsynlegir ef árangur á að nást, þetta eru þættir eins og hraði, kjarkur, fimi og snerpa.

Riðin er braut sem mörkuð er keilum sem ná upp á síður hests. Keilurnar skulu vera þannig útbúnar að þær falli við litla snertingu. Árangurinn ræðst af brautartíma og felldum keilum.

Liðin.

Liðsstjóri Guðrún S Magnúsdóttir
Líney S Kristinsdóttir
Katrín Rut Sigersdótti

Liðsstjóri Björn Jónsson
Ingvar Hjálmarsson
Hermann Þ Karlsson
Bjarni Birgisson

Liðsstjóri Hjálmar Gunnarsson
Kristbörg Kristinsdóttir
Cora Claas
Guðmann Unnsteinsson


Liðsstjóri Þorsteinn Loftsson
Gústaf Loftsson
Victoría Larsen
Hólmfríður Kristjánsdóttir
Einar Logi Sigurgeirsson

Liðsstjóri Styrmir Þorsteinsson
Grímur Sigurðsson
Þorsteinn Þorsteinsson
Aðalheiður Einarsdóttir

Liðsstjóri Knútur Ármann
María Þórarinsdóttir
Dóróthea Ármann

Styrktaraðilar liðanna eru.

Búnaðarfélag Skeiðamanna
Hestaleigan Syðra Langholti
Hrossaræktarbúið Efra Langholti
Hrossaræktarbúið Unnarholtskoti
Auðsholt 2 Hrossarækt



Skálholtsstaður



JÁVERK

Skúli D.
Skiöldur
Sími: 895 9500
Tú: 895 9500
and@javerk.is

Nesey ehf

Verktakar – Vélaleiga

892-4888 – 892-4485

nesey@nesey.is



Íslenskt grænmeti
þú veist hvaðan það kemur



Gljasteinn ehf.

Myrkholt · Bláskógabyggð
Sími 895 9500
www.gljasteinn.is

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plökkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímapantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

NEGLUR-NEGLUR

Þær, sem hafa áhuga á að fá sér neglur t.d fyrir þorablót eða hjónaball endilega hafið samband við mig í síma 847 0678
Anna María

Fótsnyrting

Laugardaginn 6. febrúar n.k. mun Hafdís Magnúsdóttir fótáæðgerðarfræðingur verða í kjallaranum að Heimalandi. Eldri borgarar og aðrir íbúar látum okkur líða vel og njótum þess sem okkur stendur til boða. Tímappantanir hjá Hafdís í síma 567 7667 eða 849 7619.

Knattspyrnudeildin óskar öllum gleðilegs árs og farsældar á nýju ári. Á liðinni haustönn voru knattspyrnuíðkendur deildarinnar um 80 talsins og fer stelpum ört fjölgandi í hópnum. Hér hefur verið mikil vakning eins og í kvennaknattspyrnunni almennt og hefur velgengni íslenska kvennlandsliðs vafalaust haft hvetjandi áhrif.

Guðmundur Aron Víðis- og Kristínarsonur var kallaður inn í annað sinn á landsliðsæfingar U15, 12. og 13. desember í Kórinn í Kópavogi.

Stjórn knattspyrnudeildar vill þakka foreldrum sem hafa komið að akstri, Gröfutéknri, Hótel Flúðum, Jóhanni Marelssyni, Sölufélagi garðyrkjumannanna, og knattspyrnuvöruverslun Jóa Útherja stuðninginn síðastliðið ár. Þessi aðilar hafa verið helstu styrktaraðilar við uppbyggingu deildarinnar.

Þeir sem eiga óuppgerð æfingagjöld fyrir haustönnina eru vinsamlegast beðnir um að gera upp við þjálfara.

Góð íþrótt er gulls ígildi.

Fyrir hönd deildar, Heimir þjálfari

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 15:30-21:00

Sundlaugin á Flúðum.

Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-20:00

Föstudaga: LOKAÐ

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-17:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Taktu þér tak með
Herbalife.
Eva Marín Hlynisdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.
silja1@simnet.is / 892
16 6728



Hár-Hrun
Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjösssi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

FRUMNÁMSKEIÐ VINNUVÉLA

Á Flúðum

Fyrir væntanlega stjórnendur lyftara með allt að 10 t lyftigetu, dráttarvéla m/ tækjabúnaði, krana minni en 18 tm, valtara, malbikunarvéla og fjölnotatækja upp að 4 t eigin þyngd, verður haldið á Flúðum,

25., 26. og 27. janúar 2010 og verður frá **10:00 til 17:00** alla dagana.

Möguleiki er að fá námsgögn á erlendum tungumálum.

Skráning og upplýsingar í síma 892-2370 eða í

netfangið fludaleid@simnet.is .

Við minnum á búrekstrarvöruverslun okkar

Þar höfum við meðal annars til sölu:

Kálfaduft tvær gerðir, startfóður (musli) fyrir ungfálfa og framhaldsfóður fyrir eldri kálfa.

Propylenglycol - súrdoðaorkuskotið.

Einnig hestakjarnfóður í 25 kg. pokum

Verið velkomin



**Vitalic -
hestaköggjar**



Eigum ávallt á lager milligerðir, átgrindur, milligrindur, gerðisgrindur, steinbita, gúmmímottur og renninga.

Fjölbreytt úrval festinga

Gúmmírenningar
á steinbita



Fit • PiLATES og yoga teygjur. Stinnur rass og sléttur magi!

á nýju ári í salnum í Bergholti, Reykholti kl 16:15 mánudaga og miðvikudaga.



Fyrsti tími 11. janúar er kynningartími og kostar ekkert,
láttu samt vita af þér svo það sé til bolti fyrir þig.

Fit • PiLATES

styrkir allan líkamann og gerir vöðvana langa og fallega.

Liðkar og styrkir hrygg og mjaðmir og allt stoðkerfið.
Þjálfar djúpvöðva og losar líkamann við óþarfa fitu og keppi.
Stuðlar að réttari og betri líkamsstöðu..



Hver og einn vinnur samkvæmt sinni getu.
Áhrifin koma mjög fljótt í ljós.

Skráning í síma 861-7888
Júlíana Magnúsdóttir, nuddari, yogakennari og leiðbeinandi í

Fit • PiLATES

Námskeið í vetur og vor 2010 í reiðhöllinni á Flúðum

Reiðkennari: Cora J. Claas

Hér að neðan koma upplýsingar um veturinn og vorið í námskeiðahaldi í reiðhöllinni

Þjálfunarnámskeið

Kennt verður bóklegt á föstudögum þar sem tekin verða fyrir mikilvæg grunnatriði í þjálfun hrossa. Hvernig á að byggja upp rétta þjálfun.

Á laugardögum verður síðan kennt í einkakennslu 2x hálf tími. Þannig fær hver og einn kennslu við sitt hæfi. Það má koma með hvernig hest sem er, bæði lítið og mikið taminn eða vandamála hross.

Kennt verður 3x bóklega og 6x 30 mín í verklegri einkakennslu.

15.01.10 Fös kl. 20:00 bóklegur tími

16.01.10 Lau 2 x 30 mín verklegur tími á milli kl. 9:00 og 18:00

05.02.10 Fös kl. 20:00 bóklegur tími

06.02.10 Lau kl. 2 x 30 mín verklegur tími á milli kl. 9:00 og 18:00

19.02.10 Fös kl. 20:00 bóklegur tími

20.02.10 Lau 2 x 30 mín verklegur tími á milli kl. 9:00 og 18:00

Einungis komast 8 - 9 manns á námskeiðið. Fyrir félagi í hestamannafélögunum kostar námskeiðið 14.500,- kr en fyrir aðra 16.000,- kr. Það þarf að koma með hest.

Hræðslupúkanámskeið / Námskeið fyrir hræddar konur

Þetta námskeið hentar mjög vel fyrir allar konur sem langar að auka vellíðan sína á hestbaki og bæta á kjarkinn. Við ætlum að hafa mjög skemmtilega helgi þar sem þið lærið að slaka á og láta ykkur líða vel á hestbaki. Bæði bóklegt og verklegt námskeið. **J**

Allar fá 4 verklega tíma og 2 bóklega tíma. Í verklegum tímum eru fjórar saman í hóp.

Kennslan fer fram **Lau 20.03.10** og **Sun 21.03.10** á bilinu 9:00 til 16:00.

Einungis komast að 12 konur. Fyrir félagsmenn kostar námskeiðið 11.500,- kr fyrir aðrar 13.500,- kr

Það þarf að koma með hest.

Byrjendanámskeið

Námskeið fyrir alla sem vilja byrja í reiðmennsku eða sem vilja byrja á grunninum. Kennd verða grunnatriði í reiðmennsku. Maður þarf að læra stafrófið áður enn maður getur farið að lesa.

Allir fá 4 verklega tíma og 2 bóklega tíma.

Kennslan fer fram **Lau 08.05.10** og **Sun 09.05.10** frá kl. 9:00 til kl. 16:30.

Fyrir félagsmenn kostar námskeiðið 11.500,- kr fyrir aðra 13.500,- kr

Það er hægt að fá hest og kostar það 5.000,- kr aukalega.

Einkakennsla á þriðjudögum

Hægt er að panta einkakennslu á þriðjudögum eftir kl. 15:30. Amk. 30 mín og að hámarki 60 mín í senn á mann. Þið getið pantað staka tíma eða skipulagt reglulega tíma og þarf að panta í seinasta lagi deginum áður.

30 mín – 3.500,- kr., 45 mín – 4.500,- kr., 60 mín – 5.500,- kr.

Skráningar eru í tölvupóst jovanna@gmx.de eða í síma 8446967 hjá Coru.

Kær kveðja, Cora Claas og hestamannafélögin Logi og Smári

S.S. Fréttir

Árlegur deildarstjórafundur Sláturfélagsins var haldinn á Hvolsvelli 11. des sl. Að venju hófst hann á rekstaryfirlit forstjórans. Sem fyrr eru árstíðarbundnar sveiflur á afsetningu nautgripa en alls ekki verra en vant er. Offramboð er á svínakjöti, en færist á átt til jafnvægis. Sauðfjárslátrun gekk mjög vel en stóra spurningin er hvernig ganga mun, að selja kjötið.

Gríðarleg samkeppni á markaði kallar sífellt á meiri vöruþróun.

Áburðar og fóðursala gengur vel en greinilegur samdráttur í notkun. Eins og nú horfir getur félagið ekki boðið sömu fyrir greiðslu við áburðarkaup og verið hefur.

Eftir þetta yfirlit Steinþórs var fundarfólki skipt upp í nokkra vinnuhópa, þar sem einn fulltrúi hvers þeirra var í forsvari og gerði grein fyrir niðurstöðu síns hóps. Þá lágu fyrir fundinum drög að skoðunarkönnun sem á næstunni verður send bændum á félagssvæði S.S.

Sláturfélagið heldur vel sjó veltulega en glímur við sama vanda og önnur innlend fyrirtæki þar sem ekki hefur verið hægt að koma kostnaðarhækkunum nema að hluta út í verðlagið. Þó að greiðslustaðan sé góð þarf mikla aðgát í rekstrinum til að tryggja góða lausafjárstöðu félagsins.

Ég vil benda bændum á að hafa samband við Berg Pálsson eða Hafdísí hjá S:S. séu þeir í áburðarhugleiðingum. Málin eru að skýrast og ættu þau að geta svarað ykkur. Þá mun félagið verða með rúlluplast og net til sölu. Verið er að efla heimasíðuna, www.ss.is og mun hún flytja fréttir og fræðslu. Einnig er deildarstjóri til þess að greiða götu ykkar.

Deildarfundur 2010, sameiginlegur Hrunamannahreppur-Gnúpverjahreppur - Skeiðahreppur verður haldinn í Árnesi 24. febr. Nk. Kl. 21. Fjölmennum!! Með bestu kveðju og nýjársóskum Jóhann “deildarstjóri” Hrafnkelsstöðum.

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580

Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:
Mánudaga Kl. 20-21

Priðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>



Frá Unglingadeildinni Skúla

Inntaka nýrra félaga fer fram í byrjun febrúar- Nánari tímasetning og staðsetning verður auglýst síðar. Aldurstakmark er árg. 1996 til 1992. Allir velkomnir að koma og kíkja hvort sem þeir ætla að vera með eða ekki. Allar nánir upplýsingar um deildina er hægt að finna inná síðunni

<http://ud-skuli.blogcentral.is/> .



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggittur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps – til allra í samfélaginu!

Frá þorablótsnefnd/fjáröflunarnefnd

Minum á þorablótið sem haldið verður laugardaginn 30. janúar nk. Þorablót félagsins er komið til að vera og þegar farið að leggja inn pantanir. Sami háttur hafður á og undanfarin ár þar sem gestir taka með sér trog með þorramat. Tilvalið tækifæri fyrir brottflutta, nýflutta, löngu flutta og bara vini og kunningja að koma á frábæra skemmtun með okkur í sveitinni. Þorablótið er liður í fjáröflun félagsins og rennur allur ágóði af blótinu til líknarstarfa. Nánar auglýst síðar með dreifibréfi.

Námskeiðanefnd - febrúar

Framundan eru spennandi námskeið sem opin eru öllum, konum og körlum. **6. – 7. febrúar** verður mikill handagangur í öskjunni í Félagsheimilinu. Þar verða ýmis handverksnámskeið í boði báða dagana og hægt að taka þátt í þeim öllum eða velja úr. Unnið verður með leður, prjónaðir sokkar, gömlum fötum breytt í ný, puttaðir pottar(!) og fleira. Nánar auglýst með dreifibréfi innan tíðar. Rifjum upp og lærum nýtt í hvers konar handverki. Takið dagana frá!

Húfuverkefnið – ákall til allra prjónakvenna

Í tilefni 80 ára afmælis Kvenfélagasambands Íslands árið 2010 stendur til að gefa öllum nýburum sem fæðast á Íslandi, prjónaðar húfur. Áætlað er að um 5000 húfur þurfi í verkefnið en gert er ráð fyrir að um 5000 börn fæðist á landinu afmælisárið. Kvenfélagasamband Íslands stendur að verkefninu í samvinnu við Ljósmeðrafélag Íslands og kvenfélögin í landinu.

Kvenfélagasamband Íslands dreifir verkefnislýsingu og uppskrift að litlum húfum sem passa á nýbura ásamt merkimiðum til að merkja húfurnar. Þessar upplýsingar er jafnframt hægt að nálgast á heimasíðu Kvenfélagasambands Íslands, <http://www.kvenfelag.is>. Ístex leggur til merkimiðana en á þeim eru upplýsingar um verkefnið og leiðbeiningar um meðhöndlun húfunnar sem prjónuð er úr kambgarni. Þá miða verður hægt að nálgast hjá húfumeisturum Kvenfélags Hrunamannahrepps en það eru Guðbjörg Björgvinsdóttir, Birtingaholti, s: 4866670 og Helena Eiríksdóttir, Flúðum, s: 4866575.

Konur prjóni húfurnar og skrái nafn sitt og kvenfélag sveitarinnar á merkimiða sem fylgir hverri húfu. Skil á húfu er í samráði við húfumeistarana. **Allar konur** geta tekið þátt í verkefninu, í samvinnu við húfumeistara og senda upplýsingar í nafni Kvenfélags Hrunamannahrepps. Það er von okkar að sem flestar konur taki þátt í verkefninu.

Þrjónakvöldin

Mínum á þrjónakvöldin sem haldin eru fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði í handmenntastofu Flúðaskóla en hún liggur fyrir ofan íþróttahúsinu á Flúðum.

Hjartastuðtækið

Fjáröflun okkar á aðventuhátíðinni til styrktar Björgunarfélaginu Eyvindi vegna kaupa á hjartastuðtæki tókst afar vel og viljum við þakka öllum sem studdu okkur með því að kaupa af okkur veitingar á hátíðinni. Jafnframt barst okkur höfðinglegur styrkur frá hópi fólks sem vill styðja þetta átak okkar og erum við afar þakklátar þessu góða fólki. Okkur tókst að safna fyrir tækinu og jafnframt voru keyptir tveir súrefniskútar. Þetta verður afhent á næstu dögum.

Frá Freyjusjóði – styrktarsjóði Kvenfélags Hrunamannahrepps Úthlutun úr Freyjusjóði fyrir árið 2008.

Guðríður Eva Þórarinsdóttir og Alda Þórsdóttir sóttu um að þessu sinni og töldum við að stúlkurnar báðar væru vel að styrknum komnar en upphæðin er kr. 60.000.- á hvora stúlku. Það er okkur mikill heiður og ánægja að geta styrkt þessar duglegu og efnilegu stúlkur og óskum við þeim og fjölskyldum þeirra alls hins besta. Hvetjum sem fyrr ungar stúlkur til að sækja um í sjóðnum en úthlutun fer fram í lok árs. Umsóknarfrestur er til 15. desember 2010. Allar nánari upplýsingar má finna á vef sveitarfélagsins, www.fludir.is.

Að lokum – hvatning og þakkir

Okkur langar að þakka öllum sem með einum eða öðrum hætti hafa stutt við starf okkar síðastliðið ár og um leið hvetja ykkur öll áfram til góðra verka á því fróma ári, 2010. Gott starf kvenfélags byggir á ómetanlegu framlagi hverrar félagskonu og síðan stuðningi fólks í samfélaginu við allt okkar starf. Sérstakar þakkir fá starfsmenn áhaldahúss sveitarinnar fyrir að vera ávallt reiðubúnir til að aðstoða okkur þegar þurfa þykir. Jafnframt fær Örn Einarsson ásamt 10. bekk í Flúðaskóla kærar þakkir fyrir aðstoð við að sækja jólatré og setja upp í Félagshéimilinu. Sveitarstjórinn okkar, Ísólfur Gylfi, fær einnig kærar þakkir fyrir afar jákvæðan stuðning sinn við starfsemi okkar og starfsstúlkur skrifstofu hreppsins fá einnig sérstakar þakkir fyrir mikla og góða hjálp. Að lokum viljum við þakka Stefáni húsverði fyrir frábært samstarf síðastliðið ár. Með þessum fátæklegu orðum okkar vonumst við til þess að koma á framfæri þakklæti okkar og sýna þannig að við kunnum vel að meta stuðninginn sem okkur er sýndur í hvívetna.

Sjáumst á þorablótinu;)



„Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“.

Hér í Undralandi hefur haustið og það sem af er vetri runnið hjá á ofurhraða enda líður tíminn hratt þegar margt skemmtilegt er um að vera. Í námi og leik úti og inni erum við búin að vera iðin við kolann; fara í vettvangsferðir, rannsaka ýmislegt, leita lausna, skapa myndverk, leikverk og tónverk svo eitthvað sé nefnt.

Í byrjum nóvember vorum við farin að leggja drög að jólagjöf til foreldranna, við þann undirbúning kemur sterkt í ljós að betra er að gefa en þiggja. Ljóminn í augum barnanna lýsir stolti og gleði þegar gjöfin er afhent foreldrunum á Litlu jólum Undralands, að ekki sé talað um sposkan svip sem fylgir því að geta þagað yfir innihaldi pakkans. Foreldrafélagið sá um að skreyta litla jólatréð okkar í garðinum og var kveikt á því þann 1. desember.

Heimsókn í Heimaland sem er orðinn fastur liður í desember, margir hitta þar afa og ömmu, frænku og frænda. Í Heimaland er gott og gaman að koma, börnin fá að kynnst starfsemi og fólkinu og fá jafnframt tækifæri til að kynna sig og segja hvaðan þau eru. Við fáum höfðinglegar móttökur og veitingar og erum þar að auki leist út með gjöfum; heimaprjónuðum leistum, vettlingum og peysum. Þessar gjafir koma í góðar þarfir þegar kuldinn bitur í litla kroppa. Við viljum nota tækifærið og þakka kærlega fyrir okkur.

Litlu jólin voru haldin hátíðleg þann 18. desember, við klæddum okkur upp og snæddum dýrindis hangikjöt með öllu tilheyrandi sem eldhúsdömunar töfrudu fram, þær gera heimsins besta rauðkál !

Þá mætti Undrabandið sem skipað er þeim: Garðari í Hellisholtum, Unnsteini á Efra Seli og Ísólfi Gylfa, þeir spiluðu og sungu með okkur jólalögina af einstakri snilld, jólasveinar ráku inn nefið og sprelluðu með börnunum í kring um jólatréð og færðu þeim kerti og spil að gömlum og góðum sið.

Hér er aðeins fátt eitt talið af starfsemi Undralands, framundan er Þorrinn með spennandi verkefnum eins og þorrablóti og karla og kerlingadegi. Tilgangurinn með karla og kerlingadegi er m.a. að virkja foreldrasamstarfið enn frekar og gera foreldrum kleift að kynnst undraheimi barnsins í fyrsta skólanum sínum.

Okkur langar til að þakka þeim fjölmörgu sem hafa tekið á móti okkur þegar við erum í könnunarleiðöngurum um sveitina okkar, einnig þeim sem komið hafa færandi hendi með efnivið af ýmsu tagi. Það er ómetanlegur fjarsjóður að eiga svona yndislegt samfélag.

Aftur að máltækinu afríska: „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“. Máltækið felur í sér fullyrðingu um að allir foreldrar þurfa á samferðafólki sínu að halda hvað uppeldi barnanna sinna varðar. Þannig treystum við á ykkur, og aðra þá sem byggja þetta samfélag með okkur, að taka þátt í uppeldi barnanna okkar.

Kæru sveitungar, okkur í Undralandi finnst Hrunamannahreppur einmitt vera þetta þorp.

Takk fyrir samstarfið á liðnu ári og gæfuríkt nýtt ár.

Börn og starfsfólk Undralands.

Frá Fræðslunefnd

Nú er fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2010 lokið og er ljóst að nokkurt aðhald er nauðsynlegt í fræðslumálum. Í fjárhagsáætlunargerðinni kom fram að óhjákvæmilegt væri að hækka gjaldskrár og hefur fræðslunefnd og hreppsnefnd samþykkt hækkun á gjaldskrá leikskólans um 3%. Einnig þurfum við að hækka matar- og hressingargjald um 10%. Mikil hækkun hefur verið á öllum aðkaupum en við vonum að þessi gjaldskrárhækkun komið til með að vega eitthvað upp á móti þeirri hækkun. Þrátt fyrir þessa hækkun er kostnaður foreldra vegna mötuneytis með því lægsta sem gerist á landinu.

Niðurstöðutölur áætlana fyrir skóla, leikskóla og mötuneyti eru þessar: Undraland: 46,5 milljónir, Flúðaskóli 158,4 milljónir og mötuneyti 9,2 milljónir.

Við erum rík af mjög góðu starfsfólki í skólunum okkar og mötuneyti. Starfsfólki sem hefur verið duglegt að taka þátt í þeim aðhaldsaðgerðum sem við höfum farið fram á. Viljum við þakka kærlega fyrir það því án góðs samstarfs væri verkefnið mjög erfitt.

Allar fundargerðir fræðslunefndar er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins , www.fludir.is.

Fyrir hönd fræðslunefndar
Halldóra Hjörleifsdóttir form



Leikskólabörn í heimsókn í Heimalandi

Ljós: SigSigm



Valdís og Unnsteinn í Langholtskoti ,en þau hafa nýlega opnað
kjötvinnsluna “Kjöt frá Koti” Ljós: SigSigm